



**Margrét Bóasdóttir**  
Saubær á Hvalfjarðarströnd  
301 Akranes  
Kt. 281152-2549

## Uppvöxtur og skólaganga

Fædd og uppalin í Mývatnssveit. Landspróf frá Héraðsskólanum á Laugum, kennarpróf frá Kennarskóla Íslands, Tónmenntakennarpróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Burtfararpróf í einsöng frá Tónlistarskóla Kópavogs. Einsöngskennarpróf og Konsertpróf frá Tónlistarháskólanum í Heidelberg-Mannheim, sérnám í ljóða- og óratoríusöng frá Tónlistarháskólanum í Stuttgart.

MBA nám ( Master of Business and Administration) við Háskóla Íslands.

## Áhugi minn til að starfa fyrir Þjóðkirkjuna á Kirkjuþingi

Ég hef góða þekkingu á skipulagi Þjóðkirkjunnar og hef sterkan áhuga á að hægt sé að efla starf kirkjunnar um allt land og að fjármunir séu nýttir til að styðja og efla lifandi safnaðarstarf.

Sú þekking sem ég hef aflað mér með búsetu og vinatengslum, eykur skilning á aðstæðum á hverjum stað og nýttist til að móta tillögur og aðgerðir sem koma hverju svæði til góða, því þó við séum ekki fjölmenn, þá eru aðstæður margvíslegar og mismunandi.

Kirkjuþing hefur ekki haft fulltrúa sem hefur víðtæka þekkingu á tónlistarmálum kirkjunnar. Tónlistin og söngur safnaðarins er lífæð kirkjunnar og fjölmennasta safnaðarstarfið er í kringum tónlistarstarfið. Mikilvægt er að slíkur skilningur sé fyrir hendi við margt af því sem tengist stjórnskipan kirkjunnar og starfi safnaðanna.

Ég hef unnið að margvíslegum skipulagsmálum fyrir tónlistarfólk, listafólk, kóra, fagfélög og tekið þátt í að stofna samtök og félög, semja lagatexta og starfsreglur, tekið þátt í stefnumótunarvinnu hjá fjölmörgum aðilum og skipulagt ráðstefnur og viðburði.

Ég þekki mjög vel til starfa kirkjunnar um allt land vegna búsetu minnar áður og hef tekið þátt í kirkjulegu tónlistarstarfi alls staðar, ásamt því að gegna nú tilsjónarhlutverki með kirkjutónlistinni. Ég lýk störfum sem söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar á vori komanda; 2023.

## Búseta á fullorðinsárum

Reykjavík, Raufarhöfn, Heidelberg í Þýskalandi, Ísafjörður, Þingeyjarsveit, Skálholt, Kópavogur, Hvalfjarðarströnd.

## Starfsferill

Kennsla í almennum grunnskóla og tónmenntakennsla

Kennsla við tónlistarskóla: einsöngskennsla, hópkenntsla

Raddþjálfun kóra, kórstjórn barna- kvenna- og blandaðra kóra,

m.a. árlega hjá kórum Borgarfjarðar á vegum Bjarna Guðráðssonar, organista.

Vinna hjá Söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar að uppbyggingu barnakóra við kirkjur,

símenntun kórstjóra og útgáfa söngefnis fyrir barnakóra.

Kórstjórn í vinnusmiðjum á alþjóðlegum kórahátíðum

Verkefnisstjórn: Sumartónleikar, Kórastefna, alþjóðleg kórahátíð á Íslandi, ýmis smærri verkefni tónlistartengd.

Frá hausti 2015: Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Helstu verkefni: skipulag og framkvæmd ýmissa tónlistartengdra verkefna um allt land,

ráðgjöf við biskup, sóknarnefndir, organista, presta og annað starfsfólk kirkjunnar,

erlend samskipti, nefndastörf o.fl.